

Á krossgötum: Stefna Íslands í öryggis- og varnarmálum

Samantekt úr hringborðsumræðu sem fór fram 26. nóvember 2025.

Varða, í samstarfi við Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur þingmann, stóð að hringborðsumræðu um stefnu Íslands í öryggis- og varnarmálum, haldið í tengslum við heimsókn Charlie Edwards frá bresku hugveitunni IISS sem unnið hafði óháða greiningu á stefnunni að beiðni Vörðu. Fundinn sóttu leiðtogar úr stjórn málum, atvinnulífi, fræðasamfélaginu og þriðja geiranum. Umræður fóru fram samkvæmt reglu Chatham House og endurspeglar þessi samantekt sameiginleg þemu og ályktanir, án þess að sjónarmið séu rakin til einstaklinga eða stofnana.

Skortur á sameiginlegri og opinberri áhættugreiningu

Eitt skýrasta ákall umræðunnar laut að skorti á reglulegri, samræmdri og opinberri áhættugreiningu. Án slíks sameiginlegs grunns verður stefnumótun óhjákvæmilega brotarkennd og ósamhæfð. Þátttakendur bentu á að ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki legðu sig fram innan sinna sviða en að heildarmynd sem gæti stutt við fjárfestingar og skýra ábyrgðarskiptingu vantaði.

Áhættugreining var ekki eingöngu rædd sem tæknilegt verkfæri, heldur sem samfélagslegt tæki til að skapa sameiginlegan skilning. Vilji var til þess að slíkt mat yrði, að minnsta kosti að hluta, opinbert og nýtt til að efla lýðræðislega umræðu og traust. Um leið var bent á að stjórnsýslunni skorti ferla og lagaumgjörð til að breyta greiningu í skýrar ákvarðanir og framkvæmd, einkum á þeim gráu svæðum þar sem fjölþáttaógnir birtast.

Fyrirtækin í framlínu fjölþáttaógnna

Í umræðunum var skýrt dregið fram að fyrirtæki gegna lykilhlutverki í öryggi landsins. Orku-, samgöngu-, veitu-, og fjarskiptainnvíðir eru að stórum hluta í höndum fyrirtækja og eru fyrstir til að verða fyrir truflunum, áreitni og fjölþáttaógnum. Þrátt fyrir að reksturinn sé einkarekinn eru afleiðingarnar samfélagslegar þegar kerfi raskast.

Þátttakendur lögðu áherslu á að þessi staða kalli á betra upplýsingaflæði og formfastara samstarf milli hins opinbera og fyrirtækja. Fyrirtæki þurfi leiðbeiningar, fyrirsjáanleika og pólitíska viðurkenningu á því að þeirra undirbúningur sé órjúfanlegur hluti af viðnámsþrótti þjóðarinnar.

Breyttur veruleiki kallar á nýja menningu og sjálfsmynd

Í umræðunum kom fram að íslensk umræða um öryggi hefur lengi verið mótuð af reynslu af náttúruvá, þar sem viðbragð og sveigjanleiki hafa verið lykilþættir. Þessi hefð er styrkur en hún nær ekki að fullu utan um þann öryggisveruleika sem Ísland stendur frammi fyrir í dag, þar sem

manngerðar ógnir á borð við truflanir á innviðum, netárásir og upplýsingaóreiða eru orðin helstu viðfangsefnin. Samtalið benti til að menning og sjálfsmynd geti þó tekið hröðum breytingum.

Í því samhengi var sérstaklega vísað til Svíþjóðar og Finnlands sem sneru frá aldagamalli hefð um hlutleysi með hraðri inngöngu í NATO. Þá var bent á að almenningur á Íslandi hafi lítið verið dreginn inn í samtal um nýjan öryggisveruleika og að sameiginleg sýn krefjist þess að þjóðin skilji hvaða ógnir eru til staðar og hvers vegna þurfi að bregðast við þeim.

Alþjóðlegt hlutverk Íslands: Ábyrgð og tækifæri í tækni og innviðum

Umræður um alþjóðlegt samhengi endurspegluðu breytta stöðu Íslands þar sem bandamenn gera auknar kröfur um raunverulegt framlag til sameiginlegs öryggis. Þátttakendur bentu á að tækifæri Íslands felist síður í hernaðarlegri getu en frekar í stafrænum innviðum, netöryggi, nýsköpun, gistiríkjastuðningi og sérstöðu á norður-Atlantshafi.

Vilji var til að snúa við þeirri stöðu að vera móttakandi í öryggissamstarfi yfir í að verða virkari og stefnumótandi þátttakandi. Með því að taka frumkvæði á sviðum eins og netöryggi og nýtingu stafrænna innviða, nýsköpun og tækni getur Ísland lagt fram raunverulega getu sem styrkir bandalagið í heild.

Lokaorð

Umræður hringborðsins sýna að Ísland stendur á krossgötum. Áhætta felst í því að halda áfram án skýrra áhættugreininga og án þess að virkja einkageirann og almenning sem raunverulega samstarfsaðila. Á móti liggja skýr tækifæri: stuttar boðleiðir, sveigjanlegt stjórnerfi, öflugir innviðir og samfélagslegt traust.

Með markvissri nálgun og skýrri forgangsöröðun getur Ísland styrkt samfélagslegan viðnámsþrótt sinn og orðið áreiðanlegur og virkur samstarfsaðili í breyttu öryggisumhverfi.